Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi allra hæða þannig að í húsinu verða 3 íbúðir, eldri svalir verða fjarlægðar og gluggar færðir nær upprunalegri gerð, nýjar svalir gerðar, sagað niður úr gluggum fyrir svalahurðir auk þess sem ný vinnustofa verður byggð á baklóð þar sem áður var skúr á lóð nr. 55 við Bergþórugötu. Erindi var grenndarkynnt frá 27. nóvember 2019 til og með 30. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hrafnhildur Sverrisdóttir dags. 29. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
Erindinu fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. ágúst 2019, varmatapsútreikningar mótt. 19. ágúst 2019, yfirlit yfir breytingar mótt. 19. ágúst 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september 2019. Vinnustofa: 45,2 ferm., 115,3 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 21. febrúar 2020, samþykkt sbr. 1. mgr. 2. gr. heimildir við viðauka fyrir skipulagsfulltrúa nr. 759/2019.*
34. **Funafold 42, breyting á deiliskipulagi** (02.860.5) Mál nr. SN190581  
Skjalnr. 9328
- 570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold. Í breytingunni felst að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar sjö deilda leikskóla, stækka lóð leikskólans, fjölga bílastæðum, færa aðkomu að leikskólanum og færa til norðurs hjólastíg fyrir ofan núverandi lóðarmörk, samkvæmt uppd. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. október 2019. Tillagan var auglýst frá 21. nóvember 2019 til og

með 6. janúar 2020. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Eyrún Einarsdóttir og Pétur Blöndal dags. 2. janúar 2020, Íbúaráð Grafarvogs dags. 4. janúar 2020, Jóhannes Sveinn Sveinsson og Kristín Birna B. Fossdal dags. 5. janúar 2020, Elsa Óskarsdóttir dags. 6. janúar 2020 og Berglind Smáradóttir dags. 6. janúar 2020. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd/umsögn frá Íbúaráði Grafarvogs dags. 31. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

35. **Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN190490  
Skjalnr. 13910

450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem dags. 26. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt er að byggja nýbyggingu á lóð í stað þess að koma fyrir flutningshúsi, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjaverndar dags. 26. ágúst 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020. Einnig lagðir fram skuggavarps uppdráttur dags. 13. september 2019.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Nýlendugötu 34 og 45, Vesturgötu 54, 54a, 56 og 58 og Seljavegi 2.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

36. **Hamarshöfði 1, (fsp) rekstur gististaða í flokki II** (04.061.3) Mál nr. SN200090  
Skjalnr. 11737

410994-2169 Bemar ehf, Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Heiðars Matthíassonar dags. 4. febrúar 2020 um rekstur gististaða í flokki II í húsinu á lóð nr. 1 við Hamarshöfða og/eða aðstöðu skipulagsfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi til þess að heimila rekstur gististað í húsinu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2020.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2020.*

37. **Héðinsgata 2, Breyting á starfsemi** (01.327.501) Mál nr. BN057065  
Skjalnr. 8604

671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta starfsemi vörugeymslu í bíla- og hjólbarðaverkstæði með geymsluhúsnæði fyrir ökutæki, bílauppboðssal ofl. í húsi, mhl. 12 og mhl. 15 á lóð nr. 2 við Héðinsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.

Erindi fylgir greinargerð Eflu um hönnun brunavarna dags. 8. janúar 2020. Gjald kr. 11.200

*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 21. febrúar 2020, samþykkt.*

38. **Laugavegur 20B, (fsp) rekstur kaffihúss eða bakarís** (01.171.5) Mál nr. SN200095  
Skjalnr. 6844  
Arnar Hannes Gestsson, Laugavegur 86-94, 101 Reykjavík  
470605-1460 Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Arnars Hannesar Gestssonar dags. 5. febrúar 2020 um rekstur kaffihúss eða bakarís á jarðhæð hússins á lóð nr. 20B við Laugaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
*Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.*
39. **Laugavegur 33, (fsp) veitingastaður** (01.172.1) Mál nr. SN200115  
Skjalnr. 7171  
Jón Davíð Ásgeirsson, Víðimelur 58, 107 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar dags. 16. febrúar 2020 um rekstur veitingastaðar í flokki I í rými 0102 í húsinu á lóð nr. 33 við Laugaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.*
40. **Miðtún 8, (fsp) rekstur gististaðar í flokki II** (01.223.0) Mál nr. SN190684  
Skjalnr. 10476  
Máni Darvish Radmanesh, Miðtún 8, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Mána Darvish Radmanesh dags. 13. nóvember 2019 um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 8 við Miðtún. Einnig er lögð fram greinargerð Mána Darvish Radmanesh dags. 10. janúar 2020 ásamt uppdraetti. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 21. febrúar 2020.*
41. **Norðurgarður 1, Viðbygging við frystivélahús við mhl. 05 og nýr mhl. 08** (01.112.201) Mál nr. BN057171  
Skjalnr. 13250  
541185-0389 Brim hf., Norðurgarði 1, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi að byggja við núverandi frystivélahús, mhl.05, úr staðsteyptri steinsteypu að hluta og að hluta úr stálgrind, auk þess sem eimsvali verður settur á þakið, sem verður mhl 08, á lóð nr. 1 við Norðurgarð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2020.  
Stækkun mhl. 05 er: 140,8 ferm., 655,6 rúmm. Stærðir Eimsvali, sem hefur mhl. 08 er: 39,4 ferm., 212,8 rúmm. Samtals stækkun er: 180,2 ferm., 868,4 rúm. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2020.*
42. **Smiðshöfði 21, staðsetning ökutækjaleigu, endurnýjun á leyfi** (04.061.4) Mál nr. SN200076  
Skjalnr. 14233  
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 29. janúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Brynjólfs Flosasonar f.h. ökutækjaleigunnar Bílaleigan Ísak ehf. um að reka ökutækjaleigu að Smiðshöfða 21. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020 samþykkt.*

43. **Spítalastígur 10, breyting á deiliskipulagi** (01.184.1) Mál nr. SN200118  
Skjalnr. 10082
- Bjarni Már Bjarnason, Spítalastígur 10, 101 Reykjavík  
490388-1419 Skipulags-,arkitekta-/verkfrst, Garðastræti 17, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Gests Ólafssonar dags. 17. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.1 vegna lóðarinnar nr. 10 við Spítalastíg. Í breytingunni felst að heimilað verði að gera bílastæði í suðausturhluta lóðarinnar auk þess sem lóðinni er skipt í matshluta og sérafnotafleti, samkvæmt uppdr. Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. dags. 17. febrúar 2020.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
44. **Stýrimannastígur 9, Ný forstofa** (01.135.308) Mál nr. BN057053  
Skjalnr. 11181
- Ragna Árnadóttir, Stýrimannastígur 9, 101 Reykjavík  
Magnús Jón Björnsson, Stýrimannastígur 9, 101 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. desember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja nýja forstofu á undirstöðum núverandi trappna við aðalinnangang auk þess að gera þar nýjar tröppur, breyta kjallaratröppum og setja þakglugga yfir stiga á 2. hæð húss nr. 9 við Stýrimannastíg, samkvæmt uppdr. ARGOS ehf. dags. 10. desember 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 20. janúar 2020 til og með 17. febrúar 2020. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagður fram tölvupóstur Jóhönnu Kristjánsdóttur dags. 26. janúar 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við breytingarnar.  
Erindi fylgir hæðablað dags. maí 2008, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. nóvember 2019 og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 7. nóvember 2019.  
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt með vísan til viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 759/2019 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*  
*Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*
45. **Tjarnargata 10C, Þaksvallir og kvistur** (01.141.308) Mál nr. BN057152  
Skjalnr. 10735
- 690609-0610 Grétar Guðmundsson ehf., Gnitahéiði 5, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja kvist og koma fyrir þaksvölum á norðvesturhlið húss á lóð nr. 10C við Tjarnargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. febrúar 2020.  
Stækkun : XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. febrúar 2020*
46. **Tjarnargata 10D, Kvistur og þaksvallir** (01.141.307) Mál nr. BN057030  
Skjalnr. 14179
- Katrín Sif Einarsdóttir, Tjarnargata 10D, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyf til að byggja kvist og svalir á vestur hlið á ósamþykktu íbúð rými 0401 í risi í húsi á lóð nr. 10D við Tjarnargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. febrúar 2020.  
Stækkun brúttó rúmm.: XX rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. febrúar 2020.*

47. **Bauganes 3A, Vinnustofa - mhl.02** (01.672.011) Mál nr. BN057150  
Skjalnr. 8103  
Guðrún Ruth Viðarsdóttir, Bauganes 3A, 102  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja nýjan matshluta 02, vinnustofu, úr timbri á steyptum grunni á einbýlishúsalóð nr. 3A við Bauganes. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2020.  
Stækkun: 49.4 ferm., 166.4 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. febrúar 2020, samþykkt.*
48. **Laugavegur 20B, breyting á deiliskipulagi** (01.171.5) Mál nr. SN190205  
Skjalnr. 6844  
470605-1460 Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík  
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. desember 2020 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 6. desember 2019 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra deiliskipulagsgögn. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lagður fram lagfærður uppdráttur P.ark dags. 22. mars 2019 lagf. 20. febrúar.2020.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 759/2019.*
49. **Álfsnes, erindi frá íbúaráði Kjalarness vegna** Mál nr. US200001  
*menunar við skotsvæði* Skjalnr.  
Á fundi skipulags- og samgönguráðs var erindi frá íbúaráði Kjalarness þann 12. desember 2019 vegna erindis um mengun tengda skotsvæði Álfsness vísað til umsagnar skrifstofu skipulagsfulltrúa. Í bókuninni segir: Í ljósi þess að íbúar og landeigendur hafa kvartað á annan áratug vegna skotæfingavæðanna við Kollafjörð ályktar íbúaráð Kjalarness þess efnis að farið verði í það hið bráðasta að leysa úr þessum ágreiningi. Æfingavæðunum verði fundinn nýr staður þar sem sátt ríki um þessa starfsemi. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á blý- og hávaðamengun vegna starfseminnar. Einnig er lög fram beiðni Guðmundar Lárussonar dags. ódags. og skýrsla um mengun frá skotsvæðum á Álfsnesi dags. ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
50. **Bátavogur 1, Nr. 1-7 - Fjölbýlishús** (01.451.201) Mál nr. BN057214  
Skjalnr. 14236  
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishús auk kjallara fyrir alls 74 íbúðir, mhl. 01 og djúpgáma, mhl.02, á lóð nr. 1 við Bátavog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Stærðir: 5.207.1 ferm., 15.817.5 rúmm. Nýtingarhlutfall 1.16. Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.451.2 dags. 20. júlí 2018, hæðablað fyrir Bátavog 1 dags. 1. maí 2019, varmatapsútreikningar unnir af Helga G. Bragasyni dags. 28. janúar 2020 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða móttekið 28. janúar 2020. Gjald kr. 11.200  
*EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

51. **Kjalarnes, Mógilsá, breyting á deiliskipulagi** (34.2) Mál nr. SN190618  
Skjalnr. 10173  
Jóhann Einar Jónsson, Laugarnesvegur 60, 105 Reykjavík  
590110-0190 Esjustofa ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 12. febrúar 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þegar stofnuninni hafa borist lagfærð gögn þar sem að í ljósi nýrrar umsagnar Minjastofnunar Íslands frá 24. janúar 2020, verði vísað til þess í umfjöllun um fornminjar, að gerðir verði könnunarskurðir innan heimatúns, í reiti A og B og bílastæði. Bæta þarf breytingardagsetningu við á kortablað sbr. ofangreinda breytingu. Einnig er lagður fram uppdr. Landmótunar dags. 10. október 2019 síðast br. 12. febrúar 2020.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
52. **Kjalarnes, Nesvík, skipulagslýsing** Mál nr. SN190734  
Skjalnr. 10177  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík  
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 11. desember 2019 ásamt skipulagslýsingu dags. 9. desember 2019 vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi sem felst í uppbyggingu allt að 100 herbergja hótels auk 12 stakstæðra húsa sem leigð verða út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Einnig er lögð fram skýrsla Fornleifastofnunar Íslands dags. 2019. Tillagan var kynnt frá 29. janúar 2020 til og með 19. febrúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Vegagerðin dags. 3. febrúar 2020, Borgarsögusafn Reykjavíkur dags. 7. febrúar 2020, íbúaráð Kjalarness dags. 17. febrúar 2020, Skipulagsstofnun dags. 20. febrúar 2020, Veðurstofa Íslands dags. 20. febrúar 2020 og Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 21. febrúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 17. febrúar 2020.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
53. **Krókháls 7A, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.321.8) Mál nr. SN200116  
Skjalnr. 14243  
690916-2150 Stál ehf., Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær  
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 17. febrúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7A við Krókháls sem felst í að núverandi byggingarreitur færir til og stækkar, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 16. febrúar 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
54. **Suður Selás og Norðlingaholt, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190084  
Skjalnr. 12695  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 8. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður Seláss og Norðlingaholts. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir nýtt lokahús norðan við Breiðholtbraut neðan við Þingás, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 8. febrúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagður fram tölvupóstur Veitna dags. 17. febrúar 2020 þar sem umsókn er dregin til baka.  
*Erindi dregið til baka, sbr. tölvupóst dags. 17. febrúar 2020.*

55. **Sundabakki 2-4, Ný gámahýsi fyrir aðstöðu** (01.332.001) Mál nr. BN057246  
*starfsfélks* Skjalnr. 5801  
 421104-3520 Eimskip Ísland ehf., Korngörðum 2, 104 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. febrúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir gámahýsi, mhl. 11, fyrir starfsmannaaðstöðu, á lóð nr. 2-4 við Sundabakka.  
 Stærðir eru: 105,4 ferm., 352,9 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
56. **Vesturlandsvegur, (fsp) LED** (04.301.2) Mál nr. SN200091  
*auglýsingaskilti* Skjalnr. 6412  
 491070-0139 Knattspyrnufélagið Fram, Safamýri 28, 108 Reykjavík  
 Þorgrímur Smári Ólafsson, Álfamýri 34, 108 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Þorgríms Smára Ólafssonar dags. 4. febrúar 2020 um að setja LED auglýsingaskilti við hringtorg sem staðsett er við Vesturlandsveg. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd og ljósmyndir/skissur þar sem staðsetning er sýnd. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.*
57. **Baldursgata 10, Ofanábygging og svalir** (01.186.107) Mál nr. BN056581  
 Skjalnr. 6404  
 Hjalmar Sveinsson, Baldursgata 10, 101 Reykjavík  
 Ósk Vilhjálmisdóttir, Baldursgata 10, 101 Reykjavík  
 Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri, klædda bárujárnmi, ofan á núverandi hús á lóð nr. 10 við Baldursgötu. Einnig er lagður fram skuggavarpuppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi ehf. dags. 14. nóvember 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 5. nóvember 2019 til og með 3. desember 2019 og frá 18. desember 2019 til og með 20. janúar 2020. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, formaður húsfélagsins að Baldursgötu 12, dags. 28. nóvember 2019, Guðrún Kristjánsdóttir og Ævar Kjartansson dags. 1. desember 2019, Friðþjófur Högni Stefánsson, Signý Ósk Davíðsdóttir, Sigurjón Gísli Helgason og Þóra Jónsdóttir dags. 3. desember 2019 og Hildur Guðmundsdóttir dags. 17. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju.  
 Erindi fylgir afrit í A4 af eldri samþykktum teikningum. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. september 2019. Stækkun: 98,6 ferm., 250,7 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
58. **Hafnarstræti 18, breyting á deiliskiplagi** (01.140.3) Mál nr. SN200026  
 Skjalnr. 7175  
 700104-2650 Suðurlandsbraut ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík  
 431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 10. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskiplagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti. Í breytingunni felst að byggja einnar hæðar viðbyggingu við austurgafli hússins með þaksvölum, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu dags. 20. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. september 2019 og samþykkt borgarráðs frá 9. janúar 2020 ásamt bréfi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 6. janúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hafnarstræti 20 og Lækjartorgi I.*
- Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*



59. **Háaleitisbraut 1, nýtt deiliskipulag** (01.252.1) Mál nr. SN170454  
Skjalnr. 10336  
570269-1439 Sjálfstæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf., mótt. 31. maí 2017, ásamt tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Háaleitisbraut. Í tillögunni felst að bætt verður við tveimur nýjum byggingarreitum á lóð Háaleitisbrautar 1 auk þess sem heimilt verður að stækka hús Veitna við Bolholt 5. Næst Kringlumýrarbraut verður heimilt að reisa fimm hæða skrifstofubyggingu með bílakjallara. Á horni Skipholts og Bolholts verður heimilt að reisa sex hæða íbúðarhús með bílakjallara ásamt þjónustu- og verslunarrými á 1. hæð. Bílastæðum fjölgar og verður hluti þeirra í bílakjallara. Byggingarmagn og nýtingarhlutfall hækkar á báðum lóðum sem þessu nemur, samkvæmt uppd. THG Arkitekta ehf. dags. 4. nóvember 2019. Einnig er lagt fram minnisblað Mannvits um hljóðvist dags. 16. nóvember 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2019, húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 5. júlí 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. júlí 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Jóhanna Margeirsdóttir dags. 29. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju einnig umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
60. **Laugarásvegur 29-37, breyting á deiliskipulagi** (01.382.1) Mál nr. SN200071  
Skjalnr. 6199  
Ragnheiður Ebenezersdóttir, Laugarásvegur 37, 104 Reykjavík  
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 28. janúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi Kleifarvegur 1.282.1 vegna lóðarinnar nr. 29-37 við Kleifarveg. Breytingin felst í stækkun á bilgeymslúð við enda Kleifarvegur samkvæmt, upprætti Mönduls verkfræðistofu dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagt fram samþykki eigenda bílskúra við Laugarásveg 29, 29a og 35 dags. 12. ágúst 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Vesturbrún 20 og 22.*  
  
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
61. **Njálsgata 64, (fsp) fjölgun íbúða, svalir o.fl.** (01.190.3) Mál nr. SN200083  
Skjalnr. 13795  
Maksim Akbachev, Laufásvegur 17, 101 Reykjavík  
440215-0760 Arcturus hf., Laufásvegi 17, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Maksim Akbachev dags. 30. janúar 2020 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 64 við Njálsgötu sem felst í að gera íbúð í þakhæð hússins, framlengja stigahús upp að þakhæð þannig að inngengt verði í þakbúð, breyta einum núverandi kvisti sem snýr að Barónsstíg og setja svalir á bakhlið hússins, samkvæmt tillögu Maksim Akbachev ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.  
*Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2020.*

62. **Kópavogur, skipulagslýsing - breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2012- 2024 og nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN190722  
Skjalnr. 8439  
700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. desember 2019 var lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 3. desember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu dags. 11. nóvember 2019 vegna framkominnar tillögu um breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og tillögu að deiliskipulagi sama svæðis. Í breytingunni felst í þróun á Fannaborgarreit og Traðarreit-vestur, fyrir þéttingu byggðar. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 21. febrúar 2020.  
*Umsögn deildarstjóra aðalskipulags, dags. 21. febrúar 2020, samþykkt.*
63. **Kópavogur, Traðarreitur-austur vinnslutillaga - breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og nýtt deiliskipulags sama svæðis** Mál nr. SN190751  
Skjalnr. 8439  
700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 20. desember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á vinnslutillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 varðandi Traðarreit-austur (B-29). Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr þróunarreit, Traðarreitur-austur, fyrir þéttingu byggðar. Einnig er óskað eftir umsögn á vinnslutillögu að deiliskipulagi sama reits. Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 29. janúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá deildarstjóra aðalskipulags og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 21. febrúar 2020.  
*Umsögn deildarstjóra aðalskipulags, dags. 21. febrúar 2020, samþykkt.*
64. **Seltjarnarnes, lýsing vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna Búsetukjarna við Kirkjubraut** (01.51) Mál nr. SN200077  
Skjalnr. 5318  
560269-2429 Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 var lagt fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar dags. 30. janúar 2020 þar sem kynnt er lýsing dags. 23. janúar 2020 fyrir breytingar á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæða vegna Búsetukjarna fyrir fatlaða við Kirkjubraut. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 21. febrúar 2020.  
*Umsögn deildarstjóra aðalskipulags, dags. 21. febrúar 2020, samþykkt.*

65. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á** (01.63)  
*deiliskipulagi vegna lóða M og G*

Mál nr. SN190592  
Skjalnr. 9008

420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 2. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða. Í breytingunni felst að suðaustan við svæðið er byggingarreit útisvæðis bætt við. Útisvæðið verður afgirt með 4 metra háu grindverki og verður gert ráð fyrir færanlegum gámaeiningum á svæðinu ásamt því að kælitækjum verður fjölgað. Lóð G stækkar um 18 fm. á horni Sæmundargötu og Eggertsgötu og skilmálatafla fyrir lóð G breytist, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 26. ágúst 2019.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Bjarnargötu 1 og Sæmundargötu 2.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:55.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir